

L Ö G

57

4. júlí

um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur, fyrir hönd bæjarsjóðs, skal heimilt að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, til þess að auka við fyrirhugað friðland Reykjavíkurbæjar, Heiðmörk. Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

58

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi heitar uppsprettur og heitt vatn í Skútudal í Siglufirði, ásamt nauðsynlegu landi undir mannvirki til virkjunar heita vatnsins og með rétti til þess að grafa eða bora eftir heitu vatni hvar sem er í landareigninni.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.